



# Rannsóknarstefna Hestafræðideildar Háskólans á Hólum

## 1. Inngangur

Rannsóknir eru ásamt kennslu kjarninn í starfsemi Hestafræðideildarinnar. Rannsóknarstefna deildarinnar miðar að frekari eflingu rannsóknáþáttarins á komandi árum og er hún samin með hliðsjón af almennum markmiðum og rannsóknastefnu Háskólans á Hólum.

## 2. Grunnildi

Hestafræðideild leggur áherslu á akademískt frelsi starfsmanna sinna hvað varðar val á viðfangsefnum til rannsókna. Rannsóknir deildarinnar byggja á rannsóknarstefnu skólans varðandi vísindaleg vinnubrögð við öflun gagna, úrvinnslu þeirra og miðlunar þekkingar. Að sama skapi leggur deildin áherslu á að starfsmenn hennar og nemendur séu hluti af alþjóðlegu fræðasamfélagi með kynningu rannsókna á alþjóðlegum ráðstefnum og með birtingu á ritrýndum greinum í viðurkenndum tímaritum.

## 3. Uppbygging og efling rannsókna

Starfsmenn deildarinnar móta rannsóknáherslur og ákveða þau fræðisvið sem einkum er starfað á (sjá viðhengi 1) með reglulegum samráðsfundum akademískra starfsmanna og árlegum rannsóknarfundi deildarinnar. Jafnframt er lögð áhersla á skipulögð tengsl og skoðanaskipti við aðila atvinnulífsins (s.s. fagráð deildarinnar) varðandi áherslur og þróun rannsókna deildarinnar.

Ákvarðanir um ráðningu starfsmanna endurspeglar rannsóknáherslur deildarinnar og eru í samræmi við verklagsreglur skólans um ráðningar.

Þróun og efling rannsókna deildarinnar byggist einkum á fjölgun stöðugilda til rannsóknastarfa, stofnun rannsóknarnáms (MSc) og auknu alþjóðlegu samstarfi. Jafnhliða vinnur deildin markvisst að uppbyggingu rannsóknaraðstöðu samkvæmt áætlun þar um (viðauki 1).

## 4. Stuðningur við rannsóknir

Háskólinn á Hólum styður við rannsóknavinnu akademískra starfsmanna í gegnum ferðasjóð (sjá reglur skólans) og með því að gefa starfsmönnum tækifæri til þess að fara í rannsóknaleyfi (sjá reglur skólans).

## 5. Stjórnun á gæðum rannsókna

Hestafræðideildin leggur ríka áherslu á að innan deildarinnar séu stundaðar rannsóknir í hæsta gæðaflokki sem standast kröfur hins alþjóðlega fræðasamfélags. Deildin leggur áherslu á að allar rannsóknir innan hennar séu framkvæmdar á heiðarlegan hátt þar sem leitast sé við að lágmarka áhrif á lífverur og umhverfi (sjá siðareglur skólans).

### 5.1. Varðveisla á afurðum rannsókna



## Rannsóknarstefna Hestafræðideildar Háskólans á Hólum

Deildin hefur verklagsreglur um geymslu og birtingu gagnasafna (viðhengi 2) og leggur áherslu á mikilvægi þess að verkefnisstjórar rannsóknarverkefna og leiðbeinendur í námsverkefnum sjái til þess að gagnasöfn séu sannreynd og yfirlesin til að lágmarka villur. Með sama hætti hefur deildin leiðbeinandi reglur hvað varðar geymslu og skráningu á sýnum sem aflað er og mikilvægt er talið að varðveita (viðhengi 2).

### 5.2. Samstarf og innra gæðamat

Deildin leggur áherslu á að þeir sem stunda rannsóknir við deildina hittist reglulega til að ræða um framgang og niðurstöður þeirra og veita þannig hver öðrum hvatningu og til fræðilegra skoðanaskipta.

### 5.3. Afurðir rannsókna

- Afurðir rannsókna er einn mælikvarði á rannsóknavirkni og að mörgu leyti gæði rannsóknastarfs. Deildin stefnir að því að fyrir hvert stöðugildi við rannsóknir birtist jafnan aðminnsta kosti ein ritrýnd grein í alþjóðlegum tímaritum á ári, auk greina í íslensk fag- og vísindaritum.
- Deildin leggur áherslu á að akademískir starfsmenn og rannsóknarnemendur kynni niðurstöður á innlendum og alþjóðlegum fag- og vísindaráðstefnum.
- Afurðir rannsókna deildarinnar verða skráðar í CRIS kerfi íslenskra stjórnvalda.

## 6. Þátttaka nema

Deildin leggur áherslu á þátttöku rannsóknarnema í rannsóknaverkefnum. Mikilvægt er að skýr ákvæði séu um hlutverk og skyldur nema og leiðbeinenda þeirra í reglum og leiðbeiningasamningi sem samþykktur er af framhaldsnámssviði skólans.

Rannsóknarverkefni nemenda á BS stigi eru fyrst og fremst hugsuð sem þjálfun nemandans í vísindalegum vinnubrögðum en geti jafnframt orðið grunnur að stuttum samantektum (abstract) fyrir vísindaráðstefnur.

## 7. Sýnileiki rannsókna

Hestafræðideild leggur áherslu á að niðurstöður rannsókna séu öllum aðgengilegar og að rannsóknarstarfsemin sé sem sýnilegust á vef skólans.

- Deildin leggur áherslu á að vefur skólans (deildarinnar), jafnt á íslensku og ensku, gefi skýramynd af starfseminni á hverjum tíma.
- Lögð er áhersla á að reglulega séu birtar fréttir af rannsóknarstarfi deildarinnar með áherslu á umfjöllun í miðlum í hestamennsku.